

Sent til Mbl.is: 4.5.2018  
Birt í Mbl: 23.5.2018  
Skúli Jóhannsson  
Email: [skuli@veldi.is](mailto:skuli@veldi.is)  
Website: [www.veldi.is](http://www.veldi.is)

## Andsvar til Elíasar

Það kom þægilega á óvart að fá svar við grein minni um ACER þriðja orkumálapakka Evrópusambandsins (ESB), frá nánum vini og samstarfsaðila til áratuga Elíasi B Elíassyni.

Ég vil taka það fram að ég er ekki vel að mér í lögfræðilegum þáttum þessa máls en ég þekki mjög vel til tæknilegra þátta í rekstri raforkukerfa.

Elías nefnir þrjá punkta hjá mér til umræðu:

### **Ef við höfnum þriðja orkupakkanum verðum við einir um það innan EFTA**

Í grein minni nefndi ég að „töluvert flókin staða gæti komið upp ef Ísland hafnaði ACER eftir samþykkt Norðmanna.“

Norðmenn samþykktu ACER með meirihluta atkvæða í Stórþinginu en hvort það var 75%, eins og Elías nefnir í grein sinni, er ég ekki viss um. Kannski hef ég nefnt þá tölu í samtölum við Elías og hefur það þá verið gert í óvarkárni, en mér hefur ekki tekist að grafa upp niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar svo óyggjandi sé. En meirihluti var það.

Það er minn skilningur að lýðræði eigi að virka með þessum hætti. Stórþingið í Noregi hafði vald til lokaúrskurðar fh almennings og þetta varð niðurstaðan.

Ýmsir hagsmunaaðilar í Noregi óska nú eftir aðgerðum til að ógilda ákvörðun Stórþingsins. Horft er til þess hvaða niðurstaða verði í málinu á Íslandi og ef málið væri fellt þar þá er talið að það muni hafa í för með sér nýja stöðu í Noregi. Íslendingar eru allt í einu orðnir björgunaraðili til að ógilda úrskurðarvald Stórþingsins. Öðru vísi mér áður brá.

Þetta minnir óneitanlega á að á sínum tíma var afráðið, í almennri atkvæðagreiðslu meðal borgarbúa, að leggja niður innanlandsflugvöllinn í Vatnsmýri. Ennþá er verið að mótmæla þessari lýðræðislegu niðurstöðu og það er jafnvel orðið hið mesta hagsmunamál hjá mörgum stjórnálflokkum að brjóta í bág við hana. Varla þarf að taka fram að ég er fylgjandi því að leggja niður þennan flugvöll.

### **Mótrök gegn andstöðu í Noregi**

Um sæstrengshugmyndir segir Elías: „ACER er þegar með það á sínu borði hvort IceLink-verkefnið sé sameiginlegt hagsmunamál Evrópu. Vegna hreinleika orkunnar hér verður að telja líklegt að svo verði ákveðið.“

Ég held að þó einhverjir starfsmenn innan ACER kroti þessar hugmyndir á blað þá jafngildi það ekki ákvörðun, langt í frá.

Ég get hins vegar ekki verið samþykktur því að farið verði á næstunni í að leggja raforkusæstreng yfir úfið Atlantshafið, vegna mikillar áhættu bæði við lagningu kapalsins og viðgerðir á honum. Þarna gæti ég verið sammála Elíasi, sem segir í Morgunblaðsgrein 28. apríl sl, að IceLink sæstrengurinn gæti verið óðs manns æði. Ákvörðun um framkvæmdina verður alltaf til hjá þar til bærum stjórnvöldum á Íslandi. Ef ekki, þá væri gott að heyra um það frá til þess hæfum lögfræðingum.

Í þessu sambandi má nefna að Basslink sæstrengurinn milli Tasmaníu og Ástralíu bilaði á sjó árið 2016 og var tekinn úr notkun í 6 mánuði til viðgerða. Hann bilaði aftur í byrjun apríl 2018, í endastöð á landi, og er búist við að bilunin standi í 2 mánuði og að hann komist aftir í gagnið í byrjun maí nk. Þetta er ískyggilegt fordæmi fyrir Icelink.

Elías gerir að umræðu hættuna á að ACER gæti gert kröfur um aukið álag á virkjanir, sem þá mundi valda auknum sveiflum í vatnsmiðlunum ofan virkjana. Íslensk verðstýring á raforkuframleiðslu mun halda aftur af þessu með hæfilegri verðlagningu vatns í miðlunum. Líklega þyrfti að breyta þessari verðlagningu frá því sem nú er í reiknilíkönum til að takast á við nýjar aðstæður.

### **Gæðastjórnun í raforkukerfinu**

Með raforkulögunum 2003 eða fyrir 15 árum var afráðið að færa ákvörðunarvaldið frá pólitíkusum yfir til samkeppni á markaði. Raforkumarkaður væri tekinn í notkun þar sem uppboð á raforku færi fram. Verðmyndun á samkeppnismarkaði mundi þá verða leiðandi bæði við útbýggingu raforkukerfisins og rekstur þess. Að vísu voru ákvæði um markaðinn kölluð heimildarákvæði en ekki var farið dult með hvert ætti að stefna.

Þessari skipan hefur nú verið komið á nánast í öllum hinum tæknivæddu þjóðríkjum hvar á hnettinum sem er og að mínu mati gæti verið óklókt fyrir Íslendinga að standa fyrir utan þá meginlínu.

Á þeim tíma sem löggin voru sett, var maður á báðum áttum um afstöðu til málsins vegna smæðar hins íslenska raforkumarkaðar. Eftir 15 ár og eftir að hafa fylgst með þróun raforkumála um allan heim hef ég styrkst í þeirri skoðun að við ættum að feta sömu leið. Eini þröskuldur í vegi er að ennþá er ekki hafin vinna við gangsetningu á uppboðsmarkaði fyrir raforku hér á landi, en allar þjóðir í kringum okkur hafa þróað þessi mál hjá sér þannig að til fyrirmyndar er. Á síðustu misserum hef ég fylgst náið með þróun breska markaðarins og get annað en hrifist af vinnubrögðum þeirra.

Þessar aðferðir ættum við að taka upp til að móta okkar raforkumarkað. Aðferðirnar eiga að bjóða upp á að staðbundni markaðurinn geti hvoru tveggja verið einangraður eins og hann er í dag eða raftengdur síðar meir ef svo ólíklega vildi til að sæstrengur til Bretlands verði lagður einhvern tíma í fjarlægðri framtíð.

Án samkeppnismarkaðar erum við með ófullnægjandi gæðastjórnun í raforkukerfinu og þar gæti ACER komið til aðstoðar.